

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um starf trúfélaga í grunnskólum og framhaldsskólum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Í hverju felst sálgæslustarfsemi svokallaðrar vinaleiðar á vegum hinnar evangelísku lútersku þjóðkirkju í nokkrum grunnskólum?
2. Hver kostar þetta starf?
3. Hefur öðrum trúfélögum boðist svipuð starfsaðstaða í grunn- og framhaldsskólum landsins?
4. Hefur svokölluðum lífsskoðunarfélögum verið boðið að taka að sér svipaða starfsemi?
5. Stendur þjónusta ámóta vinaleiðinni til boða í skólunum hjá sálfræðingum eða félagsráðgjöfum?
6. Fylgjast sálfræðingar eða félagsráðgjafar á vegum skólanna, sveitarfélaganna eða ríkisins með þessu starfi í skólunum?
7. Þykir ráðherra eðlilegt að trúfélag annist sálræn störf í opinberum skólum?
8. Þykir ráðherra eðlilegt að aðeins eitt trú- eða lífsskoðunarfélag annist slík störf í opinberum skólum?